



5. febrúar 2021  
Tilvísun 2102078

Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra  
Forsætisráðuneytinu  
Reykjavík


*Efni:* Greinargerð um verðbólgu umfram markmið

Samkvæmt mælingu Hagstofu Íslands, sem birt var 26. janúar sl., var tólf mánaða verðbólga miðað við vísitölu neysluverðs 4,3% í janúar, þ.e. 0,3 prósentum yfir frávíkismörkum 2½% verðból gumarkmiðs sem sett var í yfirlýsingu ríkisstjórnar og Seðlabanka Íslands 27. mars 2001. Í henni segir m.a. að víki verðbólga meira en ±1½% frá settu marki beri bankanum að senda greinargerð til ríkisstjórnar þar sem fram kemur hver ástæða frávikanna sé, hvernig bankinn hyggst bregðast við og hve langan tíma hann telur það taka að ná verðból gumarkmiðinu að nýju. Greinargerð bankans skal birta opinberlega. Meðfylgjandi er greinargerð Seðlabanka Íslands til ríkisstjórnarinnar.

Frá febrúar 2009 hafa ákvarðanir um beitingu helstu stjórn tækja Seðlabankans í peningamálum verið í höndum fimm manna peningastefnunefndar. Í nefndinni sitja seðlabankastjóri, varaseðlabankastjóri peningastefnu, varaseðlabankastjóri fjármálastöðugleika og tveir ytri nefndarmenn. Viðbrögð við rofum á frávíkismörkunum eru því á forræði nefndarinnar. Í samræmi við yfirlýsinguna um verðból gumarkmið frá 2001 er greinargerðin á ábyrgð Seðlabankans en samráð var haft við nefndarmenn peningastefnunefndar um efni hennar. Bréf þetta og greinargerðin verða birt á heimasíðu Seðlabanka Íslands í dag 5. febrúar.

Hjálögð eru einnig *Peningamál* Seðlabankans sem gefin voru út 3. febrúar sl. Í þeim er m.a. ný verðból guspá Seðlabankans.

Virðingarfyllt  
SEÐLABANKI ÍSLANDS

  
Asgeir Jónsson  
seðlabankastjóri

SEÐLABANKI ÍSLANDS

KALKOFNSVEGI 1 · 101 REYKJAVÍK

SÍMI: 569 9600 · NETFANG: sedlabanki@sedlabanki.is · BRÉFASÍMI: 569 9605